

## Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímansdóttur um framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

1. *Hefur farið fram athugun á húsnæði framhaldsskólans í Vestmannaeyjum með tilliti til*
  - a. *nemendafjölda skólans,*
  - b. *viðhalds húsnæðisins,*
  - c. *þarfar á viðbótarhúsnæði?*

Stöðugt er fylgst með húsnæðismálum framhaldsskóla og skólahúsum haldið í eins góðu horfi og fjárráð leyfa á hverjum tíma.

2. *Efsvo er, hver var niðurstaða könnunarinnar, og ef úrbóta er þörf, hvaða áætlanir hafa verið gerðar til að mæta þeim?*
  - a. Í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum eru um 200 nemendur í 3.173 fermetra húsnæði þannig að nokkuð rúmt er um nemendur eða um 16 fermetrar á nemanda. Þótt húsnæðið sé rúmt í fermetrum talið nýtist það illa.
  - b. Á síðasta ári var varið um 11 millj. kr. til viðhalds og fyrirhugað er að verja um 16 millj. kr. til þeirra hluta á þessu ári. Unnið hefur verið að endurnýjun þaks og glugga og í undirbúningi er uppsetning á brunaviðvörðunarkerfi. Á næsta ári verður m.a. væntanlega lokið við að steina framhlið skólahússins.
  - c. Allmörg undanfarin ár hefur íbúum heldur fækkað í Vestmannaeyjum og því bendir ekkert til að nemendum skólans fjölgi snögglega á næstunni. Viðræður hafa farið fram um viðbótarhúsnæði og endurskipulag á núverandi húsnæði og hugmyndir verið settar fram en ákvarðanir hafa ekki verið teknar um framkvæmdir.